
Malerísk málefni

Fimmta Carnegie-málverkasýningin var opnuð í Hafnarhúsinu um daginn og er þetta í fyrsta sinn sem hún hefur göngu sína á Íslandi. Af því tilefni hefur hún hlotið rækilegri kynningu hér en á fyrri árum, m.a. hafa verðbréfamiðlarar hlaupið undir bagga og auglýst sænsku Carnegie-fjárfestingarsjóðina. Sem minnir okkur á að fyrir utan ótvírætt – og lofsvert – menningarlegt hlutverk sitt er sýningunni auðvitað ætlað að halda á lofti merki umsvifamikils fjármálafyrirtækis.

Myndlist

Þegar litið er yfir þær fimm Carnegie-sýningar sem haldnar hafa verið til þessa kemur í ljós að á sérhverri þeirra hefur verið sýnt að meðaltali 51 verk eftir 24 norræna listamenn. Þótt yfirlýst markmið Carnegie-manna sé að velja verk til sýningarinnar með hliðsjón af gæðum er ekki úr vegi að gaumgæfa „kvótaskiptinguna“ eftir löndum. Á sýningunum hafa samtals 28 sænskir listamenn komið við sögu, 23 finnskir, 18 danskir, 18 norskir en Íslendingar reka lestina með 10 þátttakendur. Þessa statistík og ýmislegt fleira er að finna aftast í vandaðri bók sem gefin er út í tilefni af sýningunni.

Smám saman hafa hljóðnað raddir þeirra sem líkt hafa sýningunni við tímaskekkju, á þeim forsendum að málverkið hafi fyrir löngu farið halloka fyrir öðrum sjónmiðlum. Bent hefur verið á að aðrir sjónmiðlar séu þegar fyrirferðarmiklir á helstu tvíæringum og þríæringum heimsins; hví skyldi ekki einkafyrirtæki mega hampa málverkinu sérstaklega hér á norðurslóðum?



Lena Cronqvist: Pietà
Verk hennar eru innihaldsrík, sársaukafull og ágeng.



Georg Guðni: Málverk án titils # 41
Hann er einn þriggja Íslendinga á sýningunni.

Gagnsæjar vinnureglur

Um leið hefur aukist gagnrýni á tregðu dómnefndar að setja sér gegnsæjar vinnureglur við val á verkum til sýningarinnar. Mig minnir að það hafi verið í tengslum við sýninguna 2000, þegar bæði þrykkimyndir og ljósmyndir höfðu ítrekað hlotið náð fyrir augum dómnefndar, að nefndin lét þau boð út ganga að listamaðurinn ætti sjálfur að skilgreina hvort verk hans teldust til „málverka“. Sem ýmsum, þ. á m. þeim sem þetta ritar, þótti jaðra við afsal á ábyrgð.

Ef marka má aðfaraorð sýningarstjórans, Ulriku Levén, í áðurnefndri bók, virðist dómnefndin aftur hafa tekið frumkvæðið, án þess þó að skerpa á vinnureglum sínum svo nokkru nemi. Nú mun tekið tillit til þess hvort tilnefnd verk snúist almennt um „malerísk málefni“ (painterly issues), hvort sem þau eru máluð eður ei. Þá er vandséð hvaða verk, tvívíð eða þrívíð, snúast ekki með einum eða öðrum hætti um þau málefni. Enn sé ég ekkert því til fyrirstöðu að nota það sem ég vil nefna „efnislega nánd“ við val á verkum á þessa sýningu – hið fræga Drawing Center í New York hefur þann háttinn á – en þá er ætlast til þess að verkin séu að einhverju eða öllu leyti handgerð og innihaldi „fýsískan“ og áþreifanlegan lit í merkjanlegum mæli. Þar er líka til siðs að sýna ævinlega fleiri en eitt verk eftir hvern listamann, svo að áhorfendur geti áttað sig betur á markmiðum hans, en það mætti Carnegie-dómnefndin einnig taka sér til fyrirmyndar. Stakar myndir á nýju sýningunni eftir þá Nils Erik Gjerdevik eða Viktor Kopp megna tæpast að veita áhorfandanum innsýn í hugarheim þeirra.

Handbragðið og áþreifanleikinn

Hvað sem því líður er handbragðið og áþreifanleikinn í rauninni uppistaðan í Carnegie-sýningunni í ár. Og verðlaunahafarnir allir í hópi valinkunnra listmálara. Um verðleika þeirra má þó alltaf deila. Annað árið í röð þykir mér dómnefndinni hafa skjöplast við útdeilingu á fyrstu verðlaunum. Næstum 40 árum eftir að Jasper Johns tók að mála á bakhlið striga og hafa þannig umskipti á viðteknum umgengnisvenjum málarans við myndflötinn er verið að afhenda danska listamanninum Troels Wörsel 5 milljónir ísl. króna fyrir sams konar takta.

Hins vegar er fagnaðarefni að Lena Cronqvist skuli hljóta verðlaun, ekki síst vegna þess að hún er einn af örfáum listamönnum á sýningunni sem ekki er á kafi í sjálfhverfum pælingum um ytri og innri „forsendur málverksins“. Verk hennar eru innihaldsrík, sársaukafull og ágeng. Fyrir utan hana eru það eiginlega bara Lars Arrhenius, Max Book, Henrik Plenge Jakobsen og Tiril Schröder sem hreyfa beinlínis við tilvistarlegum vanda vorum á því herrans ári 2002. Hvort sem það er áfellisdómur yfir norrænu málverki yfirleitt eða bara Carnegie-sýningunni.

Aðalsteinn Ingólfsson

Carnegie-sýningin stendur til 10. nóv. Hafnarhúsið er opið daglega kl. 11–18 en til kl. 19 á fimmtudögum. Leiðsögn er um sýninguna fim., laug. og sun. kl. 16. Aðgangur er ókeypis.

ps

Ný Ugla

Ef bernskusaga Guðrúnar Friðgeirsdóttur, Norðanstúlka, hefði komið út á undan Atómstöð Halldórs Laxness hefði ekki þurft að spyrja að fyrirmynd hans. Í lokahluta sögunnar segir Guðrún frá því þegar hún kemur til Reykjavíkur í fyrsta sinn, fimmtán ára gömul, og á að verða stofustúlka á heimili forstjóra Eimskips. Föður forstjórans þekktu Guðrún og móðir hennar mjög vel því þær höfðu leigt litla íbúð í húsi hans á Húsavík.



Lýsing Guðrúnar á komu sinni til borgarinnar og dvölinni í þessu glæsilega húsi er nöturleg. Til dæmis má nefna að þegar hún kemur í húsið eftir langa og stranga rútuferð að norðan heldur frúin í húsinu langan lestur yfir henni um skyldur hennar í vistinni en gefur henni hvorki vott né þurrt. Tryggvi Emilsson fékk þó drafla þegar hann kom að Draflastöðum! En tilgerðin í frúnni er þannig að manni verður fyrst fyrir að hlæja að henni. Sá sem helst sýnir Guðrúnu vinsemd á heimilinu er elsti sonur hjónanna sem er ónefndur í bókinni en þar fer að líkindum Thor nokkur Vilhjálmsson ...

Hálfur frídagur í viku

Starfið hefði frekar átt að kenna við hreingerningar en stofur, segir Guðrún, sem hafði í sínum verkahring að halda sjö stofum hreinum auk baðherbergja, snyrtinga, ganga og stiga. Fyrir hádegi átti hún að lofta út, þurrka af, ryksuga, þvo og bóna gólf í öllu þessu húsrými. Einnig annaðist hún uppþvott móti annarri stúlku, fægði silfurborðbúnað, þvoði þvotta af fjölskyldunni, straujaði og þjónaði í veislum. Hálfan dag á viku fær hún frí – að loknum morgunhreingerningunum. „Þarna kynntist ég í raun fyrst stéttaskiptingunni sem sumt fólk heldur í einfeldni sinni og reynsluleysi að sé ekki til á Íslandi,“ segir Guðrún (145).

Reyndar gætu Ugla og Guðrún verið skyldar. Guðrún kom til Reykjavíkur 1945, Atómstöðin kom út 1948. Kannski Halldór hafi kynnst þessari ungu konu eða heyrt sögu hennar hjá öðrum. Þó þarf það ekki að vera, þau voru fleiri en eitt Árlands/Vilhjálmssonar-heimilin á Íslandi ekki síður þá en nú, og þær margar stúlkurnar sem þurftu að þola „særandi og niðurlægjandi“ talsmáta frá húsbændunum.

Guðrún Friðgeirsdóttir gefur sjálf út sögu sína og henni er vel ljós hin bókmenntalega hliðstæða eins og sést á titlinum. En Guðrún segir líka frá uppvexti sínum norðanlands fyrir Reykjavíkurförina og eru þar margar lærdómsríkar frásagnir. Háskólaútgáfan dreifir bókinni.

4x4
Drif á öllum
Bestu kaupin á fjórhjóladrifsbíl sem hægt er að gera. Mikið úrval fyrsta flokks bíla.
ABX/SÍA 9021516-4
HEKLA®
Gott á bilathing.is
Laugavegi 170–174 • Sími 590 5000 • www.bilathing.is • bilathing@hekla.is
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum!